

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis,
Smiðju við Tjarnargötu,
101 Reykjavík

Húnaþingi vestra, 9. apríl 2026
Mál nr. 2603091 U.V.H.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar regluverks og aukinnar skilvirkni eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum, 582. mál.

Á 1275. fundi byggðarráðs Húnaþings vestra, sem haldinn var þann 9. apríl 2026, var tekin fyrir umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um einföldun regluverks og aukna skilvirkni eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum, 582. mál. Svohljóðandi var bókað:

Byggðarráð tekur undir mikilvægi skýrs og skilvirks regluverks. Markmið stjórnvalda á ávallt að vera að veita sem besta þjónustu með eins einföldum og skilvirkum hætti og kostur er. Ráðið fær hins vegar ekki séð að frumvarpið, eins og það er lagt fram, nái þeim markmiðum og telur að það geti þvert á móti leitt til hins gagnstæða.

Frumvarpið felur í sér verulegar breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Samkvæmt lögum nr. 7/1998 bera sveitarfélög ábyrgð á heilbrigðiseftirliti sem byggir á staðbundinni þekkingu og nálægð við íbúa og atvinnulíf. Sú þekking er forsenda árangursríkis eftirlits og ekki hefur verið sýnt fram á að aukin miðstýring samrýmist þeim lagaramma eða skili betri árangri.

Þá felur frumvarpið í sér grundvallarbreytingu á stjórnskipulagi með því að draga úr hlutverki heilbrigðisnefnda eða fella þær alfarið niður. Slikar breytingar hafa sætt verulegri gagnrýni í samráðsgátt stjórnvalda á fyrri stigum málsins, þar sem bent hefur verið á að þær veiki sveitarstjórnarstigið og færi stjórnvaldsákvæðanir fjær íbúum. Byggðarráð telur jafnframt að frumvarpið taki ekki nægjanlegt tillit til aðstæðna í dreifbýli, þar sem samræming á landsvísu getur í framkvæmd leitt til minni sveigjanleika og aukins álags á atvinnulíf utan þéttbýlis.

Óljóst er hvernig fjármögnun þeirra verkefna sem samkvæmt frumvarpinu yrðu áfram á höndum sveitarfélaga verður tryggð, nái frumvarpið fram að ganga. Byggðarráð telur það alvarlegan annmarka að ekki liggi fyrir kostnaðarmat né raunhæft mat á áhrifum frumvarpsins á fjárhag sveitarfélaga.

Þrátt fyrir markmið um einföldun er hætt á að frumvarpið leiði til aukins flækjustigs, m.a. vegna óskýrrar verkaskiptingar og mögulegs tvíverknaðar. Einnig lýsir byggðarráð áhyggjum af því að miðlæg leyfisveiting geti leitt til lengri afgreiðslutíma og verri þjónustu, sérstaklega á landsbyggðinni. Slikar breytingar geta haft veruleg áhrif á rekstrarumhverfi litilla og meðalstórra fyrirtækja.

Að lokum telur byggðarráð að ekki hafi verið sýnt fram á að þær athugasemdir sem komið hafa frá ESA kalli á svo víðtækar breytingar. Unnt sé að ná fram umbótum innan núverandi kerfis, sbr. umsagnir heilbrigðiseftirlita á fyrri stigum málsins.

Með hliðsjón af framangreindu, og í ljósi þeirrar verulegu gagnrýni sem fram hefur komið á fyrri stigum málsins, leggst byggðarráð Húnaþings vestra gegn því að frumvarpið nái fram að ganga í núverandi mynd. Ráðið hvetur til frekari vinnu við málið í nánú samráði við sveitarfélög landsins, með það að markmiði að tryggja raunverulega einföldun, skýra verkaskiptingu og virðingu fyrir staðbundinni þekkingu og aðstæðum.

Ofangreint tilkynnist hér með.

Byggðarráð áskilur sér rétt til frekari umsagnar á síðari stigum málsins og lýsir sig tilbúið til samtals við umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um efni umsagnar þessarar.

F.h. byggðarráðs Húnaþings vestra,



Unnur Valborg Hilmarsdóttir, sveitarstjóri.